

Nd.

63. Tillaga

til þingsályktunar um verkmannamálið.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á ráðherra Íslands:

1. að útvega sem allra gleggstar upplýsingar um verkmanna-löggjöfina í þeim löndum, þar sem hún er fullkornust, svo sem um slysa-ábyrgð verkmanna, um sjúkra-, atvinnuleysis- og elli-styrk verkmanna, um gjörðardóma í ágreiningsmálum verkmanna og vinnuveitanda, um vinnu barna og kvenna í verksmiðjum, og ella, o. fl., o. fl., — og leggja skýrslurnar síðan fyrir næsta Alþingi.
2. að semja, og leggja fyrir næsta Alþingi, lagafrumvörp, er lúta að hinu ýmsa, er í fyrsta tölulið greinir.